

Nd. 252. Frumvarp til laga

um dýrtíðarráðstafanir.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

Samhljóða þskj. 226 með þessum breytingum:

14. gr. hljóðar svo:

Undanþága sú frá greiðslu skatta og útsvara af áhættuþóknun, er getur í lögum nr. 61/1939, er úr lögum numin.

Nú stundar sjómaður atvinnu fjarri heimili sínu, og skal þá ekki telja honum til skattskyldra tekna fæðishlunnindi, sem hann kann að hafa hjá atvinnurekanda. En verði hann hins vegar að sjá sér sjálfur fyrir fæði, skal hann eiga rétt á því, að frá tekjum hans sé dreginn hæfilegur fæðiskostnaður, áður en skattur er á þær lagður, og skulu um það sett ákvæði í reglugerð.

18. gr. hljóðar svo:

Ríkissjóður ábyrgist hraðfrystihúsum það, sem á kann að vanta, að söluverð á þorskflökum nái kr. 1.33 hvert enskt pund fob. og samsvarandi verði á öðrum fisktegundum. Ákveða má með reglugerð, að greiða megi úr ríkissjóði hluta af geymslukostnaði hraðfrysts vetrarvertíðarfisks, sem fluttur er út eftir 1. ágúst.

27. gr. hljóðar svo:

Meðan ríkisábyrgð vegna bátaútvegsins samkv. 17.—20. gr. er í gildi, mega vextir af rekstrarlánnum útgerðarinnar og þeirra fyrirtækja, sem vinna úr sjávarafurðum til útflutnings, ekki vera hærri en 4%, enda fari lánin ekki yfir 85% af ábyrgðarverðinu.

42. gr. hljóðar svo:

Söluskattur skal nema því, sem hér segir:

1. Af heildsölu og umboðssölu 2%,
2. Af smásölu 1½%,
3. Af sölu iðju- og iðnfyrirtækja sem og allra annarra fyrirtækja, sem gjaldskyld eru samkvæmt 40. gr., 1½%.

Eigi skal þó greiða skatt af sölu þeirri, sem hér segir:

1. a. andvirði vöru, sem seld er úr landi.
b. andvirði mjólkur og mjólkurafurða, garðávaxta, kjöts, nýs, frosins, reyktis, niðursoðins og saltaðs, fisks, nýs, frosins, niðursoðins og saltaðs, að síld meðtalinni,
c. sölu á veiðarfærum, hvers konar fiskumbúðum, salti, hráolíu, brennsluolíu, smurningsolíum öllum, svo og viðgerðum á skipum,
2. sölu þeirra, sem eru ekki bókhaldsskyldir, sbr. lög um bókhald, nr. 62 11. júní 1938.